

**L Ö G****um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.

Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi:

1. starfslið alþjóðastofnana,
2. þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana,
3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum,
4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og
5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.–4. tölul.

2. gr.

Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Baldvin Hannibalsson.*